

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

342. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 10.10.2014, kl.07:30.

Mættir eru:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir og Guðmundur Geirdal. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Rekstraráætlun 2015 - 2019

Framkvæmdastjóri kynnir ný drög að rekstraráætlun áráanna 2015 – 2019 og fer yfir breytingar sem orðið hafa frá síðasta fundi. Drögin rædd. Stjórn samþykkir rekstraráætlunina samhljóða.

2. Leigusamningur við Reykjavíkurborg um jörðina Álfsnes

Framkvæmdastjóri kynnir drög að leigusamningi SORPU bs. við Reykjavíkurborg um leigu á jörðinni Álfsnes. Stjórn staðfestir samninginn samhljóða.

3. Deiliskipulag vegna gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi

Framkvæmdastjóri kynnir að deiliskipulag vegna gas- og jarðgerðarstöðvar hafi verið samþykkt á fundi borgarráðs 2. október 2014 og sé í kynningu.

4. Starfsleyfi vegna urðunarstaðar í Álfsnesi.

Lagt fram til kynningar útgefið starfsleyfi frá Umhverfisstofnun vegna urðunarstaðarins í Álfsnesi. Einnig lagt fram til kynningar afrit af kæru íbúa í Leirvogstungu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

5. Siðareglur stjórnar.

Kynnt drög að siðareglum stjórnar. Drögin rædd. Stjórn samþykkir siðareglurnar og verða þær undirritaðar á næsta fundi.

6. Fræðsluferð stjórnar.

Stjórn ákveður að halda til Danmerkur og Svíþjóðar í kynnisferð til að kynna sér gas- og jarðgerð, brennslustöðvar og endurvinnslustöðvar.

7. Fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina í Reykjavík vegna lögræðikostnaðar og samkeppnismála.

Fyrirspurning kynnt. Framkvæmdastjóri mun svara fyrirspurninni

8. Haustúthlutun Góða hirðisins.

Framkvæmdastjóri kynnir að haustúthlutun Góða hirðisins fari fram í dag föstudag kl. 10:30 í húsnæði Góða hirðisins í Fellsmúla. Skrifstofustjóri kynnir hverjir hljóta úthlutun að þessu sinni.

9. Næsti fundur.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 7. nóvember 2014, kl. 07:30

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 8.40.

Fundarritari Sigríður Björg Einarsdóttir

Bjarni Torfi Álfþórsson
Hafsteinn Pálsson
Jóna Sæmundsdóttir

Guðmundur Geirdal
Björn H. Halldórsson

Hafsteinn Pálsson
Björn H. Halldórsson
Sigríður Björg Einarsdóttir